



Umhverfis- orku og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 19. júní 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um breytingu á reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, mál nr. S-103/2025. Samtökin styðja breytingarnar og fagna þeirri einföldun sem í þeim felst, með einni undantekningu en hún varðar snyrtistofur sem SI telja brýnt að verði áfram starfsleyfis skyldar.

Í kynningu á samráðsgátt stjórnvalda kemur fram að breytingin felist í því að bæta við fleiri tegundum atvinnustarfsemi í skráningu í stað starfsleyfis. Í 2. gr. reglugerðarinnar er talin upp sú starfsemi sem bætt verður við viðauka reglugerðar nr. 83/2022. Samkvæmt ákvæðinu verða snyrtistofur skráningarskyldar en ekki starfsleyfis skyldar.

Snyrtistofur eru starfsleyfis skyldar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. 92. tl. viðauka VI við lögin. Samkvæmt ákvæðinu er óheimilt að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann skráður samkvæmt ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laganna er ráðherra heimilt að kveða á um í reglugerð að atvinnurekstur, sbr. viðauka IV, sé háður skráningarskyldu í stað starfsleyfis. Starfsleyfis skyldan er útfærð í 7. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 903/2024.

Samkeppnisstaða snyrtistofa á Íslandi hefur versnað verulega á sl. árum en snyrtifræði er löggild iðngrein á grundvelli laga um handiðnað nr. 42/1978 og þurfa snyrtifræðingar að undirgangast 4 ára nám til að hljóta réttindi til að starfa sem slíkir. Vernd réttindanna er ekki að ástæðulausu enda annast snyrtifræðingar meðferðir á mannslíkamanum með efnum og tækjum sem krefjast sérstakrar menntunar. Veigamikil rök hníga til þess að snyrtiiðn er lögverndað starf með tilliti til öryggis- og neytendasjónarmiða. „snyrtistofur“ hafa hins vegar opnað víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu á sl. árum sem starfræktar eru þvert á ákvæði laga um handiðnað og þvert á ákvæði laga nr. 7/1998. Á mörgum stofunum starfar starfsfólk sem er ekki með réttindi til að starfa sem snyrtifræðingar, stofurnar eru ekki reknar undir forstöðu meistara, í trássi við 1. mgr. 8. gr. laga nr. 42/1978, þær skortir margar starfsleyfi og uppi eru áhyggjur um starfsaðstæður starfsfólks þeirra.

Samtök iðnaðarins hafa um árabíl gagnrýnt að eftirlit skorti með starfsemi sem starfrækt er án tilskilinna réttinda samkvæmt lögum nr. 42/1978 en samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laganna hefur



lögreglan eftirlit með framkvæmd laganna. Hefur skortur á eftirliti leitt til þess að réttindalaus starfsemi hefur fengið að blómstra. Eina verkfærið sem beitt hefur verið í eftirliti á sl. árum er skylda laga nr. 7/1998 um starfsleyfi en heilbrigðiseftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd þeirra laga. Eru því dæmi um að eftirlitið hafi brugðist við þeirri stöðu sem uppi er á markaðnum með því að loka stofum sem skortir starfsleyfi.

Með hliðsjón af framangreindu telja samtökin brýnt að snyrtistofur verði fjarlægðar úr reglugerðardrögunum og verði áfram starfsleyfisskyldar.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Guðný Hjaltadóttir', is written over a horizontal line.

Guðný Hjaltadóttir
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði